

# Fundargerð 139. fundar

## fræðslumálanefndar sambandsins miðvikudaginn 9. mars 2022

Árið 2022, miðvikudaginn 9. mars kl. 12:30 kom saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Einar Már Sigurðarson, Helgi Arnarson, Herdís Ásu Sæmundardóttir, Skúli Þór Helgason og Anna Birna Snæbjörnsdóttir.

Að auki sátu fundinn: Guðjón Bragason sviðsstjóri, Anna Ingadóttir sérfræðingur, Valgerður Rún Benediktsdóttir lögfræðingur, Svandís Ingimundardóttir skólamálafulltrúi og Þórður Kristjánsson sérfræðingur í skólamálum, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Vonarsjóður og úthlutunarreglur - 2011008SA

Helgi Grímsson sviðsstjóri SFS, Guðrún Edda Bentsdóttir og Klara Eiríka Finnbogadóttir frá SFS komu á fundinn til þess að ræða reglur og viðmið vegna úthlutana úr Vonarsjóði. Sviðsstjóri SFS taldi einstaka úthlutanir sjóðsins ekki hafnar yfir gagnrýni og tók dæmi af hópstyrk þar sem meirihluti styrkuppþæðar fór í flugferðir og upphald erlendis vegna námskeiðs sem að öllu jöfnu væri haldið innanlands. Auk þess væri kolefnissporið þar orðið stórt. Gæta þyrfti að skilvirkri og faglegri hagnýtingu þess fjármagns sem í sjóðinn rynni árvisst frá sveitarfélögunum til starfsþróunar, fjárhæðir sem nema 1.72% ofan á laun hvers kennara og stjórnanda.

Ekki hefur verið unnt að fá yfirlit frá sjóðnum um það hvernig fjármagn skiptist milli ólíkra starfsþróunarmöguleika, hvert samhengið væri milli eftirspurnar kennara og stjórnenda eftir starfsþróun og úthlutun styrkja, samhengi við opinbera menntastefnu o.fl. Þá vanti jafnframt upplýsingar um það hversu hátt hlutfall kennara og stjórnenda nýti sér ekki styrki úr Vonarsjóði að jafnaði, skiptingu milli landshluta o.s.frv. Þetta væru upplýsingar sem ríki og sveitarfélög þyrftu að hafa aðgang að. Fram kom hjá fulltrúum sambandsins í sjóðnum að þeir legðu ríka áherslu á að styrkir úr sjóðnum færu til faglegrar uppbyggingar umsækjenda fyrst og fremst. Þá hefðu þeir óskað eftir upplýsingum um nýtingu fjárens en ekki fengið auk þess sem slík úrvinnsla væri tímafrek. Kí fær um 25 milljónir árlega fyrir umsýslu Vonarsjóðs.

Ákveðið var að sambandið myndi kalla eftir samtali við KÍ um skilvirkari upplýsingamiðlun um úthlutanir Vonarsjóðs, m.a. um skiptingu fjárens milli landssvæða og sveitarfélaga, hlutfall félagsmanna sem að jafnaði nýta sér sjóðinn, samhengi úthlutana við áherslur í menntastefnu o.fl. Fulltrúar sambandsins í stjórn Vonarsjóðs munu fara með þessa beiðni inn á næsta fund sjóðsins.

## 2. Stefnumörkun sambandsins 2022-2026 - 2009376SA

Guðjón Bragason og Valgerður Rún Benediktsdóttir kynntu nýtt verklag vegna undirbúnings stefnumótunar sambandsins sem tekur gildi næsta haust þ.m.t. kynningarfundir meðal sveitarstjórnarfólks og stjórnenda sveitarfélaga, með áherslu á að fá reynda sveitarstjórnarmenn á fundina til þess að miðla af reynslu sinni. Haldnir verða 5 fundir og var sá fyrsti haldinn 4. mars sl. um sambandið og samskipti við ríkið. Sá fundur tókst vel. Næstu fundir verða 25. mars, 1. 4. og 25. apríl með fjarfundasniði. Fundað verður með fagnefndum sambandsins í kjölfarið og stefnumótunin unnin áfram fyrir landsþing sambandsins í haust þar sem hún verður rædd og unnið að lokafrágangi hennar til samþykktar. Fram kom að verið væri að sníða framsetningu stefnumótunarinnar að lögum um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna.

Nefndarmenn lýstu ánægju með nýtt verklag og markvissan undirbúning. Taldi nefndin mikilvægt að embættismenn og stjórnendur viðkomandi málaflokka sveitarfélaganna fengju jafnframt boð á fundina því þar lægi mikil og gagnleg reynsla og þekking sem nýta þarf.

## 3. Félagsleg og efnahagsleg staða og brotthvarf úr íslenskum framhaldsskólum. - 2009081SA

Komin er út skýrslan: Félagsleg og efnahagsleg staða og brotthvarf úr íslenskum framhaldsskólum, sem þeir segja birtingarmynd ójafnra tækifæra barna í íslensku samfélagi. Höfundar skýrslunnar beina tilteknum tillögum að grunnskólastiginu og öðrum að framhaldsskólastiginu. Ljóst er að margar tillagnanna tala beint inn í áform laga um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna og mikilvægt að unnið verði að þeim í skilvirku samstarfi skólastíganna en skort hefur á slíka vinnu til þessa.

Niðurstöður skýrslunnar verða ræddar og sagt frá málþingi sem Velferðarvaktin stendur að í næstu viku. Skólamálafulltrúi sambandsins mun taka þátt í pallborðsumræðum um skýrsluna og tillögur hennar.

<https://www.stjornarradid.is/verkefni/felags-og-fjolskyldumal/velferdarvaktin/frettir/stok-frett-velferdarvaktar/2022/03/01/Malthing-Brotthvarf-ur-skolum-birtingarmynd-0jafnra-taekifaera/>

Nefndin tók undir með skýrsluhöfundum að brottfallið væri síður en svo ábyrgð framhaldsskólans eins taldi hún að samfellan milli þessara skólastiga myndi seint nást nema framhaldsskólinn færi yfir til sveitarfélaganna. Lagt var til að taka á ný upp samtalið við mennta- og barnamálaráðuneytið um að einstök sveitarfélög fengju framhaldsskólarekstur í tilraunaskyni. Stór gjá væri til að mynda milli þeirrar skólaþjónustu sem grunnskólum væri ætlað að veita í samanburði við framhaldsskólastigið. Þarna yrði að vera betri samfella ef hægt ætti að vera að vinna gegn auknu brottfalli, sérstaklega þegar kemur að nemendum með erlendan bakgrunn. Ekki mætti horfa framhjá því að nemendur væru skilgreindir sem börn til 18 ára aldurs skv. lögum og ábyrgð framhaldsskólans ætti því að vera mun skýrari

varðandi stuðningshlutverk við þá. Lagt var til að kanna það fyrirkomulag samstarfs milli grunn- og framhaldsskóla sem þegar væri fyrir hendi í sveitarfélögum í samstarfi við mennta- og barnamálaráðherra. Þann 14. mars nk. fer fram fyrsti samráðsfundur sambandsins og mennta- og barnamálaráðherra og hugmyndin kynnt þar.

#### Önnur mál

Staða flóttamanna frá Úkraínu var rædd undir liðnum önnur mál og möguleikar sveitarfélaga á að bjóða börnunum skóla- og frístundaþjónustu. Greint var frá því að sambandið hefur fundað bæði með félags- og vinnumarkaðsráðuneyti og mennta- og barnamálaráðuneyti um málið, viðbragðsteymi hefur hafið störf og undirbúningur við að koma þeim í skóla- og frístundaúrræði er forgangsmál þegar húsnæðismál hafa verið leyst.

Þá var minnt á 3. og næst síðustu málstofu Skólapingis sveitarfélaga sem fram fer mánudaginn 14. mars um framtíðarskólann undir stjórn Ingva Hrannars Ómarssonar

Fundi var slitið kl. 14:00

---